


2007

ÁRSSKÝRSLA ÁTVR

Efnisyfirlit

Frá forstjóra	6
Heildarstefna ÁTVR	9
Skipurit	10
Framkvæmdaráð	11
Ánægja viðskiptavina	14
Samfélagsleg ábyrgð	15
Rekstur	16
Markmið og árangur	17
Vínbúð ársins	18
Mannauður	20
Ársreikningur 2007	21
Skýrsla og áritun forstjóra	22
Áritun endurskoðenda	23
Rekstrarreikningur árið 2007	24
Efnahagsreikningur 31. desember 2007	25
Sjóðstreymi árið 2007	27
Skýringar	30
Sundurliðanir	34

A man with a beard and mustache, wearing a white shirt and a black apron, is smiling and holding a wine bottle. The apron has the text 'Wagnús VINRÁÐGJAFI WSET®' on it. He is standing in a wine shop with many shelves of wine bottles in the background. The text is overlaid on the bottom left of the image.

Við leggjum metnað
í að vöruúrval okkar sé
framsækið og fjölbreytt,
í samræmi við væntingar
viðskiptavina á hverjum
tíma og nái til helstu
vínræktarsvæða heimsins.

Frá forstjóra

Rekstur ÁTVR gekk vel á árinu 2007. Áfram var unnið að framþróun fyrirtækisins og að bættri þjónustu við viðskiptavini. ÁTVR fékk styrk frá Leonardó áætlun Evrópusambandsins á árinu til þess að mennta og þjálfva vinsérfræðinga. Enginn vafi leikur á að þessi fræðsla mun skila sér beint til viðskiptavina í betri þjónustu og ráðgjöf á komandi árum. Á árinu var tölvukerfi ÁTVR uppfært. Uppfærslan fólst í nýrri útgáfu af MBS-Navision en í því kerfi eru allir grunnþættir rekstrarins hjá ÁTVR, svo sem innkaupakerfi, sölukerfi, dreifingarkerfi, bókhaldskerfi o.s.frv. Má segja að allt fyrirtækið hafi verið undirlagt vegna þessa verkefnis töluverðan hluta ársins og starfsfólk ÁTVR lagði mikið á sig til þess að uppfærslan gengi sem best. Velgengni í rekstri er góðu starfsfólki að þakka. Vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn fyrir þeirra framlag og samstarfið á árinu.

Frumvarp um afnám einkasölu ÁTVR á áfengi undir 22% af áfengisinnihaldi

Á árinu var lagt fram frumvarp á Alþingi um afnám einkasölu ÁTVR á áfengi undir 22% af áfengisinnihaldi. Líflegar umræður voru um málið í fjölmiðlum og sýndist sitt hverjum. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins tekur ekki afstöðu til þess, hvernig haga skuli smásölu áfengis í landinu en starfsfólk ÁTVR fylgdist eðlilega með umræðunni því niðurstaða málsins getur haft afgerandi áhrif á rekstur fyrirtækisins.

Líklegt er að ÁTVR hætti sölu á áfengi undir 22% af áfengisinnihaldi ef frumvarpið verður að lögum þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir heimild til áframhaldandi sölu. Vandséð er af hverju ÁTVR ætti að fara í samkeppni við einkaaðila um sölu á vöru sem er á frjálsum markaði. Reynslan sýnir einnig að á undanförunum árum hafa ýmis einkaleyfi ÁTVR verið felld niður og stofnunin hætt starfsemi í kjölfarið. Sem dæmi má nefna að einkaleyfi ÁTVR á framleiðslu áfengis var felld niður árið 1986, einkaleyfi á innflutningi á áfengi

var felld niður árið 1995 og einkaleyfi á innflutningi á tóbaki var felld niður árið 2004. Afleiðingin var sú að allri starfsemi, sem niðurfelld einkaleyfi náðu til, var hætt hjá ÁTVR, jafnvel þó að heimild til áframhaldandi óbreytts rekstrar hafi verið til staðar.

Ef pólitískur vilji er til þess að halda áfram að selja umræddar vörur hjá ÁTVR þarf í anda samkeppnislaga að aðgreina einkaleyfabundna vöru og vöru sem er á frjálsum markaði þannig að þær séu ekki seldar hlið við hlið í sömu verslun án fjárhagslegrar og rekstrarlegrar aðgreiningar. Einnig er ljóst að jafnvel þó að tekin væri ákvörðun um að ÁTVR héldi áfram sölu myndi mestur hluti sölumagnsins færast yfir til einkaaðila. Vandséð er að rekstrarforsendur væru fyrir slíkri starfsemi.

Mikil röskun verður því óhjákvæmilega á rekstri ÁTVR verði frumvarpið að lögum. Magn í dreifingu gæti minnkað um rúm 96%, úr um 19 milljónum lítra í um 700 þúsund lítra. Tegundum gæti fækkað úr um 2000 í um 340 og veltan minnkað úr um 11,5 milljörðum í um 3,1 milljarð. Álagning ÁTVR á sterkt áfengi er aðeins 6,85%. Að mati ÁTVR verður útilokað að halda uppi sama þjónustustigi, t.d. hvað varðar fjölda verslana, opnunartíma og þjónustustig með sterka áfengið nema álagning ÁTVR á þær vörur hækki verulega. Einnig hefur jafnaðarverð á áfengi verið um allt land. Óeðlilegt hlýtur að teljast að slík bundin álagning verði áfram á sterku áfengi meðan frjáls álagning er á öðru. Rétt er að benda á að ekki er einungis um léttvín og bjór að ræða því margir líkjörar og „skotdrykkir“ eru með undir 22% af vinnandainnihaldi. Einnig er rétt að benda á að svokallað „sódapopp“ eða gosblandað áfengi er í raun sterkt áfengi sem búið er að þynna með gosi. Samkvæmt frumvarpinu er sala þess frjáls og ekki bundin einkaleyfi.



Ívar J. Arndal, forstjóri ÁTVR

Smáverslanir ÁTVR á landsbyggðinni

Í umræðunni um rekstur og starfsemi ÁTVR hefur nokkuð verið rætt um rekstrarform smáverslana ÁTVR á landsbyggðinni. Þess misskilnings hefur gætt að einkaaðilar beri ábyrgð á rekstri þeirra. Það er alrangt. ÁTVR ber ábyrgð á og rekur allar vínbúðir á Íslandi óháð stærð og staðsetningu. Í hverri einustu verslun er starfsmaður ÁTVR sem rekur verslunina og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart ÁTVR. Verslunarstjóri ÁTVR er því ríkisstarfsmaður og háður lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og þeim fyrir mælum sem starfsmönnum ÁTVR eru sett. Þá er reksturinn sjálfur og rekstrarniðurstaðan að sjálfsögðu alls staðar alfarið á ábyrgð og áhættu ÁTVR. Einkaaðilar reka hvergi vínbúðir á sína ábyrgð en þeir inna af hendi ýmsa þjónustu fyrir ÁTVR samkvæmt sérstökum samningi.

Á árum áður voru verslanir ÁTVR á landsbyggðinni fáar. Ekki þótti forsvaranlegt að leigja húsnæði og ráða starfsfólk vegna lítillar sölu og hás kostnaðar. Árið 1987 var reynd ný leið í Ólafsvík til þess að ná fram nægjanlegri hagkvæmni til þess að réttlæta opnun vínbúðar í smærri byggðarlagi og auka þar með þjónustuna við landsbyggðarfólk. Aðferðin sem beitt var í Ólafsvík fólst í því að ÁTVR tók á leigu lítið rými við hliðina á barnafataverslun. Að sjálfsögðu var vínbúðin sjálf algerlega aðskilin frá barnafataversluninni með sérstöku lykklakerfi en inngangur og baksvæði voru sameiginleg. ÁTVR réð verslunarstjóra og gerði samning við eiganda barnafataverslunarinnar um ýmsa þjónustu. Með þessari samvinnu náðist mikil hagræðing og var samstarfið hagstætt, bæði fyrir ÁTVR og þjónustuaðila. Í samningi við þjónustuaðila fólst m.a. að hann tryggði verslunarstjóra ÁTVR aðgang að salernum, kaffistofu

og annarri starfsmannaaðstöðu. ÁTVR þurfti því ekki að leggja í kostnað við að koma slíkri aðstöðu upp. Þjónustuaðili sá um alla ræstingu og þrif. Í samningi var einnig áskilið að þjónustuaðili veitti verslunarstjóra ÁTVR aðstoð við vörumóttöku, uppröðun í hillur og önnur störf tengd vinnubúðinni ef verslunarstjóri þurfti á slíkri aðstoð að halda. Fyrir sína þjónustu fékk samstarfsaðili fasta mánaðarlega greiðslu. Þetta fyrirkomulag gafst svo vel fyrir báða aðila að í dag rekur ÁTVR um 25 smáverslanir. Þær smæstu hafa einungis opið í eina klukkustund á dag. Grunnhugsun líkansins er ennþá sú sama og í upphafi. ÁTVR ber ábyrgð á og rekur allar vinnubúðirnar. Af því er enginn afsláttur gefinn og einkaaðilar koma þar hvergi nærri.

Tilgangurinn með rekstri smáverslana er að auka þjónustuna í dreifbýli með sem mestri fjárhagslegri hagkvæmni þótt salan sé lítil. Smáverslanir á landsbyggðinni eru ríflega helmingur vinnubúða ÁTVR en einungis með um 10% af áfengissöllumni.

Vöruvalsreglur ÁTVR

Vöruvali ÁTVR af áfengi er stýrt af regluverki sem heitir Reglur um innkaup og sölu áfengis og skilmálar í viðskiptum við birgja nr. 500/2006, öðru nafni Vöruvalsreglur ÁTVR. Á árinu var miklum tíma varið í að endurskoða reglurnar og samræma þær stefnu ÁTVR. Reglurnar voru fyrst settar 1. mars 1993 að frumkvæði ÁTVR. Nú eru þær eru settar skv. fyrirmælum reglugerðar nr. 883/2005 og fyrirmælum laga nr. 63/1969 um að jafnræði skuli ríkja gagnvart öllum áfengisbirgjum.

Þær eru staðfestar af fjármálaráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Hlutverk reglnanna er að ákveða og skýra vöruval ÁTVR út frá vöruvalsstefnu sem byggð er á stefnu ÁTVR, ákvæðum laga um verslun ríkisins með áfengi og tóbak, áfengislögum, reglugerð um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Heilbrigðisáætlun ríkisins. Á grundvelli vöruvalsstefnu eru skilgreindir söluflokkar, vöruvalsdeildir og vörudeildir sem stýra aðgengi vöru að vinnubúðum í samræmi við eftirspurn og tryggja vöruval sem mætir óskum og þörfum viðskiptavina. Í reglum er einnig greint frá kröfum sem gerðar eru til vöru, umbúða hennar, merkinga og annarra atriða. Í skilmálum um viðskipti við birgja er skýrður ferill umsókna um sölu, sem og hvernig skuli standa að samningi um vörukaup og pöntun. Fjallað er um afhendingarskilmála, ábyrgð birgja, verð og greiðslu. Framsetningu reglnanna hefur verið breytt, þær einfaldaðar og gerðar þægilegri í notkun. Einnig eru reglurnar sveigjanlegri en áður og mun það koma viðskiptavinum okkar til góða. Miðað er við að uppfærðar reglur taki gildi í byrjun næsta árs.


Ívar J. Arndal

Heildarstefna ÁTVR

Leiðarljós

ÁTVR vill stuðla að ábyrgri neyslu áfengis með áherslu á tengsl matar og áfengra drykkja.


Stefna

ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðla að jákvæðri vinnmenningu og draga úr neyslu tóbaks.

Stefnumið

- **Við gerum viðskiptavinum okkar ánægðari**
Við byggjum upp framsækna þjónustu sem er skrefi á undan væntingum viðskiptavina okkar á hverjum tíma og tekur mið af þörfum þeirra. Við viljum að viðskiptavinum okkar þyki gaman að versla í vinnubúðunum og líti á það sem fræðandi upplifun. Þjónusta vinnubúðanna byggist á hvatningu til að njóta áhugaverðrar tengingar matar og vína.
- **Við tryggjum fjölbreytt og áhugavert vöruúrval**
Við leggjum metnað í að vöruúrval okkar sé framsækið og fjölbreytt, í samræmi við væntingar viðskiptavina á hverjum tíma og nái til helstu vinnæktarsvæða heimsins.
- **Við erum samfélagslega ábyrg**
Við virðum að fullu reglur við sölu á áfengi og tóbaki. Við stuðlum að ábyrgri áfengisneyslu og umgengni við áfengi, öllum til ánægju. Við störfum með þeim aðilum sem vinna að forvörnum.
- **Við rekum ÁTVR á hagkvæman hátt**
Við höfum hagkvæmni að leiðarljósi þegar við lögum okkur að þörfum markaðarins. Þannig aukum við virði fyrirtækisins um leið og við stöndum skil á greiðslum í ríkissjóð.
- **Við gerum starfsfólk okkar ánægðara**
Við búum því skapandi og lifandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laðar til okkar hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.
- **Við eflum samstarf við birgja**
Við eflum tengsl við birgja og vinnum með þeim að framsetningu í vinnubúðum, kynningum og fræðslu til viðskiptavina og starfsmanna. Samskipti við birgja byggja á gagnsæi, gagnkvæmu trausti og hlutleysi. Við tryggjum öllum framleiðendum og birgjum jafna möguleika á að koma vörum í sölu í vinnubúðunum.
- **Við tryggjum öflugt gæðastarf**
Við eflum vitund starfsmanna okkar um framúrskarandi þjónustu og vörumeðferð.

Skipurit



Skipuritið tók gildi 1. apríl 2007. Sölu- og þjónustusvið er eina afkomusviðið og er hlutverk þess að hámarka rekstrarárangur vínbúða og tryggja að samskipti við viðskiptavinina séu í takt við stefnumið ÁTVR á hverjum tíma. Meginmarkmið sviðsins er að koma til móts við síbreytilegar þarfir viðskiptavina með framúrskarandi þjónustu og góðu vöruvali. Auk reksturs vínbúðanna eru innkaup hluti af starfsemi sölu- og þjónustusviðs.

Fjárhagssvið, fasteignasvið og dreifingarmiðstöð eru stöðeiningar sem ætlað er að styðja við starfsemi sölu- og þjónustusviðs og veita því sem besta þjónustu. Á fjárhagssviði eru starfsmanna-, tölvu-, markaðs- og skjalamál ásamt fjármálum og reikningshaldi. Hlutverk fasteignasviðs er umsjón og viðhald fasteigna, nýjar framkvæmdir, viðhald bifreiða og öryggismál. Hlutverk dreifingarmiðstöðvar er móttaka og dreifing vöru með það að markmiði að veita vínbúðunum bestu mögulega þjónustu. Á starfssviði skrifstofu forstjóra eru verkefni sem jafnan eru á borði forstjóra.


Í tengslum við þetta skipulag hafa verið starfandi þverfaglegir verkefnahópar sem ætlað er að leysa ákveðin skilgreind verkefni en í hópunum er starfsfólk frá mismunandi sviðum og starfsstöðvum.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð er hópur æðstu stjórnenda ÁTVR. Framkvæmdaráð starfar í umboði forstjóra. Ráðið hittist að jafnaði einu sinni í viku og fjallar um mál sem snerta rekstur fyrirtækisins, skipulag og almenn stefnumál. Í ráðinu sitja auk Ívars J. Arndals, forstjóra, Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri, Einar S. Einarsson, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, Jóhann Steinsson, framkvæmdastjóri fasteignasviðs, Gunnar Gunnarsson, aðalbókari og Jónína A. Sanders, aðstoðarframkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs.



Talið frá vinstri: Einar S. Einarsson, Sigrún Ósk Sigurðardóttir, Jóhann Steinsson, Jónína A. Sanders, Ívar J. Arndal og Gunnar Gunnarsson.



Við eflum vitund
starfsmanna okkar
um framúrskarandi
þjónustu og
vörumeðferð.

Ánægja viðskiptavina

Mikil áhersla er lögð á að þjónusta við viðskiptavini uppfylli ólíkar kröfur þeirra og væntingar, hvort sem þær snúast um gott aðgengi, vöruúrval eða ráðgjöf. Allir þjónustubættir eru stöðugt í endurskoðun með það að markmiði að auka ánægju viðskiptavina vínbúðanna.

Gaman að versla

Þemadagar hafa fest sig í sessi í starfsemi vínbúðanna á undanförunum árum. Viðskiptavinir eru ánægðir með þessa tilbreytni, enda markmiðið að þeim þyki gaman að versla í vínbúðunum og að þeir líti á það sem fræðandi upplifun.

Á árinu voru kynnt vín frá Ameríku og Ítalíu en auk þess fengu viðskiptavinir leiðbeiningar um hvaða vín hentugu vel með grillmat og hátíðarmat. Einnig var fjórum vínþrúgum gerð góð skil á þrúgudögum þegar viðskiptavinir fengu í hendur fróðleik um helstu eiginleika þeirra.

Gerum enn betur

Á hverju ári eru sett markmið og þjónusta vínbúðanna mæld í þeim tilgangi að bæta hana enn frekar. Árið 2007 er fyrsta heila árið sem þjónusta og viðmót starfsfólks er mælt í hverri vínbúð fyrir sig. Þannig er starfsfólkið meðvitað um heildaránægju og um leið þá þætti sem betur mega fara í viðkomandi verslun sem er mikilvægt í þeirri viðleitni að bæta stöðugt þjónustu við viðskiptavini.

Auk þessara þjónustukannana taka vínbúðirnar þátt í Íslensku ánægjuvuginni. Í heildina er niðurstaðan þar svipuð og árið á undan sem eru ákveðin vonbrigði en felur um leið í sér tækifæri til að gera betur. Niðurstaða Íslensku ánægjuvogarinnar er heldur lakari en niðurstöður þjónustukannana þar sem spurt er um þjónustu

hverrar vínbúðar fyrir sig. Ef til vill endurspeglar niðurstaða Íslensku ánægjuvogarinnar að einhverju leyti þá umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu um framtíðarfyrirkomulag áfengis-sölu á Íslandi.

Fróðleiksþorsta svarað

Vínblaðið kom út þrisvar sinnum á árinu, en viðskiptavinir hafa þar með aðgang að ýtarlegri verðskrá, auk fróðleiks. Metnaður er lagður í að blaðið sé sem aðgengilegast og endurspegli auk þess þá stefnu fyrirtækisins að stuðla að ábyrgri neyslu áfengis með áherslu á tengsl matar og áfengra drykkja. Í blöðunum eru greinar sem tengja saman vín og mat, ásamt fræðandi umfjöllun um vín og vínlandafraði. Blaðið fékk andlitslyftingu á árinu þar sem bæði útlit og efni var endurskoðað með þarfir viðskiptavina vínbúðanna í huga. Einnig voru gefnir út bæklingar í tengslum við þemadaga, en í þeim var birtur listi yfir þau vín sem voru á kynningu auk uppskrifta og fróðleiks.

Ráðgjöf heim í stofu

Nýr og glæsilegur vefur, vinbud.is, var tekinn í notkun í október. Með tilkomu hans geta viðskiptavinir nú fengið ýtarlegar upplýsingar og ráðgjöf hvar og hvenær sem er. Í vörulistanum á vefnum eiga viðskiptavinir auðvelt með að sjá hvaða vín hentar með matnum, eða einfaldlega leita að uppáhaldsvíninu sínu og sjá í hvaða vínbúð hægt er að nálgast það. Viðskiptavinir tóku vefnum einstaklega vel og jukust heimsóknir í desember um 400% frá fyrra ári.

Næsta skref er að setja í loftið vefverslun þar sem viðskiptavinir geta klárað kaupin á vinbud.is og fengið vöruna heim að dyrum.

Gott vöruúrval skiptir máli

Vínbúðirnar leggja mikla áherslu á að bjóða gott og fjölbreytt vöruúrval með það að markmiði að koma til móts við kröfur viðskiptavina. Óhætt er að fullyrða að vöruúrval vínbúðanna í heild sé með því besta sem gerist og standist flestum vínbúðum erlendis snúning. Reynt er að mæta auknum kröfum um úrval gæðavína og hefur á árinu verið unnið markvisst að því að endurskoða vöruvalsreglur með þetta markmið í huga. Viðskiptavinir vínbúðanna munu á næstu misserum sjá enn frekari breytingar í þessa átt.

Breytingar á vöruvalsreglum og vöruvali kalla á góða samvinnu við birgja. Samskipti ÁTVR og birgja eru almennt mjög góð, enda hefur markmiðið verið að auka samvinnu við þá með reglulegum fundum en ekki síður bættri upplýsingagjöf. Undanfarið ár hefur ÁTVR haldið úti vefsíðu með upplýsingum fyrir birgja. Næsta skrefið í vefvæðingu fyrirtækisins er að stórbæta þennan hluta vefsins í því skyni að auka upplýsingagjöf til birgja, ásamt því að gera allt umsóknarferli skýrara og einfaldara.

Samfélagsleg ábyrgð

Vaxandi áhersla hefur verið á þátt samfélagslegrar ábyrgðar í rekstri vínbúðanna á undanförunum árum. Á árinu var skilríkjaherferð í fyrirrúmi undir kjörorðinu „Það er ekkert grín að kaupa vín“. Markmiðið var að hvetja unga viðskiptavini til að sýna skilríki að fyrra bragði um leið og vakin var athygli á því að það sé samfélagsleg skylda starfsfólks að spyrja viðskiptavini um skilríki. Umferðarstofa og vínbúðirnar stóðu einnig fyrir auglýsingaherferð undir kjörorðinu „Bara einn er einum of mikið“, þar sem bent var á að akstur og áfengi eigi aldrei samleið.

Rjúpur hafa um margra ára skeið leitað skjóls á lóð ÁTVR á Stuðlahálsi. ÁTVR styrkti Náttúrufræðistofnun á árinu til að merkja og fylgjast með rjúpunum. Starfsfólk fyrirtækisins hefur á árinu fengið að fylgjast með framgöngu rjúpnanna, en þær hafa verið misjafnlega lukkulegar eins og gengur.

Að auki styrkti ÁTVR fjölmörg minni verkefni á sviði forvarnar- og líknamála, meðal annars með því að birta umhverfisauglýsingar sem minna alla á að ganga vel um landið okkar.

Rekstur

Rekstur ÁTVR er í föstum skorðum og mikið lagt upp úr hagkvæmni. Áhersla er lögð á að laga fyrirtækið að þörfum markaðarins en auka um leið virði þess.

Hagnaður og sölutölur

Hagnaður ÁTVR var rúmar 506 m.kr. í samanburði við 602 m.kr. árið 2006. Rekstrartekjur ársins voru 19.337 m.kr. Tekjur af sölu áfengis voru 12.696 m.kr. og jukust um 11% á milli ára. Tekjur af sölu tóbaks jukust um tæp 5% á milli árunna 2006 og 2007 og voru 6.598 m.kr.

Rekstrargjöld námu 19.027 m.kr., þar af var vörunotkun 16.976 m.kr. Rekstrarkostnaður án vörunotkunar var 11% af veltu. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITA) var 412 m.kr. eða 2,1% miðað við 3,2% á fyrra ári. Arðsemi eigin fjár á árinu var 19,4% sem er umfram áætlanir og mjög góður árangur.

Alls voru seldir 19,5 m.lítra af áfengi. Þar af 15,2 m.lítra af bjór. Það vekur athygli að á árinu 2007 var hlutfall sterks áfengis 4,56% en var 3,83% árið áður. Aukning var því á milli ára en undanfarin ár hefur þetta hlutfall farið lækkandi.

Tölvukerfi uppfært

Á árinu var ráðist í stórt verkefni þegar allt Navision-tölvukerfið var uppfært. Tölvukerfið er samhæft og fást upplýsingar um alla þætti í rekstri fyrirtækisins daglega. Verkefnið var gríðarlega umfangsmikið og snerist nánast öll innri starfsemi fyrirtækisins um það í marga mánuði. Miklar breytingar urðu í vöruhúsi þar sem fyrir var sérsníðað kerfi en hið nýja er stöðluð lausn í heildarkerfinu.

Fjölgun vínbúða

Í árslok rak ÁTVR 47 vínbúðir, þar af 12 á höfuðborgarsvæðinu. Tvær nýjar vínbúðir voru opnaðar: í Skeifunni og á Hellu. Vínbúðinni í Holtagörðum var hins vegar lokað. Á landsbyggðinni eru 25 vínbúðir reknar í samstarfi við aðra rekstraraðila. Rekstur þeirra vínbúða er alfarið á ábyrgð og undir stjórn starfsmanns ÁTVR, en gerður er þjónustusamningur við rekstraraðila um aðstöðu og viðbótarstarfskraft.

Nýtt vöruhús í byggingu

Starfsemi ÁTVR hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Sala á áfengi hefur aukist um 32% í lítrum talið á síðastliðnum 5 árum. Á árinu var ráðist í stækkun vöruhússins. Viðbyggingin er um 1.200 fm sem bættust við þá 4.000 fm sem fyrir voru. Vöruhúsið var byggt í kjölfar alútboðs og var afhent um áramót þannig að hagræði af viðbyggingunni mun ekki skila sér fyrr en á árinu 2008. Miklar vonir eru bundnar við einfaldari vörumeðferð og hraðari afgreiðslu auk mikils vinnuhagræðis fyrir starfsfólk.

Umbóta- og verkefnahópar

Til að ná fram umbótum og hagræðingum í rekstri eru á hverju ári starfandi umbótahópar sem skipaðir eru starfsfólki frá mismunandi starfsstöðvum. Á árinu voru stofnaðir verkefnahópar í kjölfar skipulagsbreytinga 1. apríl. Líkt og umbótahópunum er þeim ætlað að takast á við ákveðin verkefni en ólíkt umbótahópunum eiga þeir að starfa allt árið. Þetta er nýjung í starfsemi þar sem hefur í langflestum tilfellum gefist mjög vel.

Markmið og árangur

Samhæft árangursmat hefur verið notað í nokkur ár til að setja mælanleg markmið á mikilvæga þætti í rekstrinum. Mælikvörðum er skipt í flokka í samræmi við stefnumið ÁTVR. Árlega fer fram endurmat á markmiðum og mælikvörðum í samræmi við stefnu og aðgerðir ársins. Við endurmat vegna ársins 2007 var ákveðið að setja fram metnaðarfull markmið. Hér er gerð grein fyrir helstu mælikvörðum og þeim árangri sem náðist á árinu. Í samræmi við aðferðafræði samhæfðs árangursmats er hverjum mælikvarða sett lágmark og síðan markmið. Hér eru markmiðin birt en í mörgum tilfellum náðist lágmarksárangur þótt markmiðið hafi ekki náðst.

Flokkur	Áhersla í stefnukorti	Mælikvarðar	Markmið	Árangur	
Fjármál	Auka hagkvæmni	Launakostnaður/tekjur Rekstrarkostnaður/tekjur	6,1% 4,1%	6,1% 4,4%	
Samfélagið	Stuðla að ábyrgri áfengisneyslu	Hversu oft spurt um persónuskilríki sem hlutfall af afgreiðslufjölda	2%	2,2%	
Viðskiptavinir	Ánægðir viðskiptavinir	Væntingar viðskiptavina – Íslenska ánægjuvugin	68	66	
		Ímynd – Íslenska ánægjuvugin	69	64	
		Ánægja með þjónustu – meðaltal allra vínbúða	4,4	4,4	
		Viðmót starfsfólks – meðaltal allra vínbúða	4,7	4,7	
Innri ferlar	Skilvirkir ferlar og gæðastarf	Rekstrarmarkmið vínbúða	8,3	7,9	
		Óskýrð rýrnun í hlutfalli við sölu	0,06%	0,07%	
		Samvinna við birgja	4,2	4,1	
		Aukin skilvirkni	69	68	
Mannauður	Ánægt starfsfólk	Heildaránægja – vinnustaðagreining	75	74	
		Frumkvæði og þjónustulund	Vínþekking starfsfólks – skv. þjónustukönnun	4,0	3,8
		Upplýsingaflæði	Nægjanlegar upplýsingar um stefnu, rekstur og afkomu – vinnustaðagreining	66	66

Vínbúð ársins

Öllum vínbúðum eru sett markmið, meðal annars um þjónustustig, skilríkjaeftirlit, launakostnað og rýrnun með það í huga að hvetja starfsfólk til góðra verka. Einnig til að undirstrika þá stefnu fyrirtækisins að góður rekstur og góð þjónusta skipti miklu máli.

Markmiðin taka mið af stærð vínbúðanna en þeim er skipt í tvo flokka eftir stærð. Í flokki stærri vínbúða eru þær sem hafa fleiri en 500 vörutegundir í sölu en í flokki minni vínbúða þær sem hafa 300 vörutegundir eða færri. Árlega eru valdar vínbúðir úr sitt hvorum flokknum sem fá titilinn Vínbúð ársins og er starfsfólki í þeim vínbúðum umbunað. Vínbúðin Spönginni varð hlutskörpust í flokki stærri vínbúða annað árið í röð en Vínbúðin á Akranesi og Vínbúðin Patreksfirði eru Vínbúðir ársins í flokki minni vínbúða en báðar þessar vínbúðir fengu einkunnina 10.



Vínbúðin Akranesi

Talið frá vinstri: Guðný Ársælsdóttir, Harpa Sif Þránsdóttir, Jón Hallgríms Þórarinnsson, Bryndís Ragnarsdóttir. Á myndina vantar Helgu Jónu Ársælsdóttur og Thelmu Ýr Gylfadóttur.



Vínbúðin Spönginni

Talið frá vinstri: Snorri Þorsteinn Davíðsson, Valgerður A. Jóhannesdóttir, Þorgeir Baldursson, Dagrún Gröndal, Edda Þórey Kristfinnsdóttir, Hrafnhildur Bl. Arngrímsdóttir og Stefán Sigurjónsson. Á myndina vantar Dagmar Valdimarsdóttur, Guðrúnu Finnsdóttur og Sigurð Sölvu Svavarsson.



Vínbúðin Patreksfirði

Gunnhildur Agnes Þórisdóttir.

Mannauður

Ánægt og hæft starfsfólk er grundvöllur að velgengni þjónustufyrirtækis. ÁTVR vill búa starfsfólki sínu skapandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laðar að hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.

Ný mannauðsstefna var samþykkt í árslok út frá tillögum umbótahóps. Markvisst verður unnið að því að auka ánægju starfsfólks og efla þekkingu og samvinnu sem leiðir til betri þjónustu ásamt því að efla upplýsingaflæði með innri vef og fréttablaði. Áfram verður haldið á sömu braut í anda nýrrar mannauðsstefnu.

Félagslífið

ÁTVR vill leggja sitt af mörkum til að skapa góðan starfsanda og fjölskylduvænan vinnustað. Í lok ársins tók fyrirtækið þátt í að leggja grunn að stofnun nýs starfsmannafélags með formlegum hætti. Markmið fyrirtækisins er að styðja markvisst við starfsemi félagsins í framtíðinni.

Á árinu var haldin glæsileg sumarhátíð auk jólaballs og árshátíðar sem starfsmannafélagið stóð fyrir. Á sumarhátíðinni var starfsfólki ásamt fjölskyldum þeirra boðið til grillveislu þar sem fjöldi leiktækja var á staðnum til að skemmta ungum sem öldnum. Einnig voru minni hátíðir haldnar víða á landsbyggðinni. Þetta er í fyrsta skipti sem slík hátíð er haldin en markmiðið er að gera hana að árlegum viðburði.

Að vita meira og meira

Á undanförnum árum hefur Vínskóla vínbúðanna vaxið fiskur um hrygg. Öllu starfsfólki standa til boða styttri og lengri námskeið um vín og vínfræði. Markmið skólans er að efla vörubekkingu starfsfólksins og um leið þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina. Vínskólinn er í samstarfi við virtan, enskan vínskóla, WSET (Wine and Spirit Education Trust). Í vor útskrifuðust 4 nemendur með gráðu frá skólanum og þar með starfa 8 vínráðgjafar í vínúðum við að veita viðskiptavinum fyrsta flokks faglega ráðgjöf.

Á árinu var farið í tvær náms- og kynnisferðir, til Þýskalands og Piemonte á Ítalíu. Markmið slíkra ferða er að kynna vínækt og vínmenningu þessara landa og auka víðsýni og þekkingu starfsfólks.

Starfsfólkið er lykillinn

Árlega er gerð vinnustaðagreining til að fá fram skoðanir starfsfólks á ýmsum þáttum í rekstri og fjölmörgum öðrum atriðum er snúa að líðan og samskiptum á vinnustað. Niðurstöður ársins eru í flestum tilfellum í samræmi við niðurstöður undanfarinna ára en líkt og áður fá spurningar sem snúa að starfsanda og samskiptum hæstu einkunn. Að auki hefur ÁTVR tekið þátt í könnun sem gerð er á vegum SFR um stofnun ársins. Þannig fæst góð heildarmynd af þáttum sem vekja ánægju og um leið vísending um tækifæri til að gera enn betur.

Gott upplýsingaflæði

Til að efla upplýsingastreymi innanhúss er gefið út fréttablað 5-6 sinnum á ári sem sent er heim til starfsfólks. Í blaðinu eru birtar fréttir af starfsemi, fræðsluáætlanir á vor- og haustmisseri ásamt fyrirhuguðum aðgerðum ársins sem einnig er fjallað um á vinnustaðakynningum fyrir starfsfólk.

Á innri vef fyrirtækisins eru birtar daglegar fréttir, ásamt upplýsingum um vörualið, sérstaka atburði og félagslíf. Þar er einnig að finna fróðleik um vín, handbækur starfsfólks auk fleiri nytsamlegra upplýsinga. Vefurinn er í stöðugri endurskoðun með það að leiðarljósi að efla upplýsingaflæði milli starfsstöðva.

Ánægjulegt er að niðurstaða vinnustaðagreiningar sýnir að einkunn fyrir þætti sem lúta að nægjanlegum upplýsingum um stefnu, rekstur og afkomu hækkar nokkuð á milli ára og nær settu markmiði.

Ársverk

Alls fengu 690 starfsmenn greidd laun á árinu. Fastráðið starfsfólk var um 200. Umreiknað í ársverk voru þau 290 í samanburði við 273 árið áður.

Afköst starfsfólks hafa aukist ef miðað er við selda áfengislítra. Árið 2007 afkastaði hvert stöðugildi um 68 þús. lítrum af áfengi á móti 66 þús. lítrum árið áður.

Ársreikningur 2007

Skýrsla og áritun forstjóra	22
Áritun endurskoðenda	23
Rekstrarreikningur árið 2007	24
Efnahagsreikningur 31. desember 2007	25
Sjóðstreymi árið 2007	27
Skýringar	30
Sundurliðanir	34

Skýrsla og áritun forstjóra

Afkoma ÁTVR á árinu 2007 var betri en áætlað var. Vörusala var 7,1% meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Vörunotkun var 6,9% umfram áætlun. Hagnaður ársins nam rúmum 506 m.kr.

ÁTVR innheimtir tóbaksgjald. Gjaldið nam 3.887 m.kr. á árinu 2007 og hækkaði um 67 m.kr. frá árinu 2006. Tóbakssala jókst að magni um 2%.

Áfengi var selt fyrir 15.806 m.kr. með virðisaukaskatti og sala tóbaks nam 8.215 m.kr. með virðisaukaskatti. Áfengi seldist í 19.554.897 lítrum, þar af var bjórsala 15.229.765 lítrar. Sala vindlinga nam 321.015 þúsundum stykkja og af vindlum seldust 9.450 þúsund stykki. Magn neftóbaks var 16.940 kg.

Á árinu fengu 690 starfsmenn greidd laun hjá ÁTVR. Margir eru í hlutastarfi. Lætur nærri að ársverk hafi verið 290 og hefur þeim fjölgað um 17 frá 2006.

